

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2001/38/EB

frá 5. júní 2001

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/7/EBE um að skila menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Stofnun Efnahags- og myntbandalagsins og upptaka evrunnar hefur áhrif á síðustu undirgrein í B-hluta viðaukans við tilskipun ráðsins 93/7/EBE ⁽³⁾ þar sem mælt er fyrir um verðgildi menningarminja, sem tilskipunin gildir um, í ekum. Í þeirri undirgrein er kveðið á um að dagsetning fyrir umreikning slíks verðgildis yfir í innlandan gjaldmiðil skuli vera 1. janúar 1993.
- 2) Samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1103/97 frá 17. júní 1997 um tiltekin ákvæði er varða upptöku evrunnar ⁽⁴⁾ urðu allar tilvísanir til ekunnar í löggjörningum frá og með 1. janúar 1999 tilvísanir til evrunnar eftir umreikning á genginu einn á móti einum. Verði tilskipun 93/7/EBE ekki breytt, og þar með fasta genginu sem samsvarar gildandi gengi 1. janúar 1993, munu aðildarríkin, sem nota evruna sem gjaldmiðil, halda áfram að nota mismunandi upphæðir, sem eru umreiknaðar á grundvelli gengis ársins 1993 en ekki umreikningsgengisins sem var fastsett 1. janúar 1999 og er órifanlegt, og þetta ástand varir svo lengi sem umreikningsreglan er órjúfanlegur hluti tilskipunarinnar.
- 3) Þess vegna er rétt að breyta síðustu undirgrein í B-hluta viðaukans við tilskipun 93/7/EBE á þann hátt að frá og með 1. janúar 2002 skuli aðildarríkin, sem nota evruna sem gjaldmiðil, tilgreina verðgildi í evrum sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins. Ákveða skal gengi, sem miðast við heppilega dagsetningu fyrir 1. janúar 2002, fyrir önnur

aðildarríki sem halda áfram að umreikna þessi viðmiðunarmörk yfir í innlandan gjaldmiðil og setja ákvæði um að þessi aðildarríki aðlagi það gengi sjálfvirkt og í áföngum til að jafna út gengisbreytingar milli innlands gjaldmiðils og evrunnar.

- 4) Komið hefur í ljós að unnt er að túlka gildið 0 (núll) í B-hluta viðaukans við tilskipun 93/7/EBE, sem notað er sem fjárhagsleg viðmiðunarmörk fyrir tiltekna flokka menningarminja, á þann hátt að það tefli skilvirkri beitingu tilskipunarinnar í tvísýnu. Þótt þetta gildi, 0 (núll), merki að líta skuli á minjar, sem falla undir viðkomandi flokk, hvert sem verðgildi þeirra er, jafnvel þótt það sé óverulegt eða núll, sem „menningarminjar“ í skilningi tilskipunarinnar hafa tiltekin aðildarríki túlkað það svo að þessar menningarminjar hafi alls ekkert verðgildi og þannig svipt þessa flokka minja þeirri vernd sem tilskipunin veitir.
- 5) Til að forðast allan rugling í þessu sambandi skal því setja skýrara orðalag í stað tölunnar 0 er taki af allan vafa um að nauðsynlegt sé að vernda viðkomandi hluti.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Textanum undir fyrirsögn B-hluta í viðaukanum við tilskipun 93/7/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað „GILDI: 0 (núll)“ komi:

„GILDI:

hvert sem gildið er“

2. Í stað síðustu undirgreinar varðandi umreikning á verðgildinu, sem er sett fram í ekum, yfir í innlandan gjaldmiðil komi eftirfarandi:

„Að því er varðar aðildarríki, sem nota ekki evruna sem gjaldmiðil, skal verðgildið, sem er sett fram í evrum í viðaukanum, umreiknað og sett fram í innlendum gjaldmiðli á gengi frá 31. desember 2001 sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Endurskoða skal þetta jafngildi í innlendum gjaldmiðli annað hvert ár og í fyrsta sinn 31. desember 2001. Útreikningur á þessu jafngildi skal byggjast á meðaldaggengi þessara gjaldmiðla í evrum á 24 mánaða tímabili sem lýkur á síðasta degi ágústmánaðar áður en endurskoðunin, sem tekur gildi 31. desember, fer fram. Ráðgjafarnefndin

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 120 E, 24.4.2001, bls. 182.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2001 og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2001.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 74, 27.3.1993, bls. 74. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/100/EB (Stjtið. EB L 60, 1.3.1997, bls. 59).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 162, 19.6.1997, bls. 1.

um menningarminjar skal endurskoða þessa reikni-aðferð, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að jafnaði tveimur árum eftir að henni er fyrst beitt. Við hverja endurskoðun skulu verðgildin, í evrum og jafngildi þeirra í innlendum gjaldmiðli, birt með jöfnu millibili í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* á fyrstu dögum nóvembermánaðar næst á undan þeim degi er endurskoðunin fer fram.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 5. júní 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. ENGQVIST

forseti.